# Kveldúlfur

| I. 5. bl. | þriðjudaginn 1. martsmánaðar | 1892. |
|---|---|---|

Mjer er það sönn ánægja að sjá Kveldúlf aptur tekinn til starfa og er mjög þakklátur ritstjóra hans fyrir áhuga þann og ósjerhlífni, er hann sýnir í því, að halda honum við.

Jeg óska og vona að ritstjórinn fái ómak sitt endurgoldið með því að Kveldúlfur bæði skemmti og fræði lesendur sína, þar þetta er einungis hans fyrri tilgangur með því að skrifa blaðið. Það væri óskandi að sem flestir vildu styrkja hann og senda honum ritgjörðir svo Kveldúlfur geti lifað góðu lífi lesendunum til gagns og gleði. —

Því miður hef jeg ekki neitt frá vinlegt að senda frá sjálfum mjer, en sendi þar á móti 2 stuttar ritgjörðir eptir sira Jón sál. Steingrímsson í Gaulverjabæ, sem hann mun hafa ætlað Kveldúlfi, eða jafnvel Reykjavíkurblöðunum, en sem hann ekki entist til að ljúka.

Ritstjóra Kveldúlfs er kunnugt um, að í fyrra vetur naut hann góðrar aðstoðar frá hendi sira Jóns sál. og jeg veit að þegar hann byrjaði aptur að skrifa blaðið í vetur, þá hefir hann með sárum söknuði fundið til þess að hann hafði tapað mikilhæfum kröptum, þar misst var, að sjálfsögðu, aðstoð sira Jóns. Jeg veit því að það muni gleðja ritstjórann að geta þó enn þá einu sinni notið þessarar aðstoðar.

Eins og áður er tekið fram og ritgjörðirnar bera með sjer, gat höfundurinn ekki lokið þeim, þar honum var snögglega kippt í burtu að því verki, ~~svo að segja miðbyrjuðu~~ en og öðrum [illegible] verkum svo að segja miðbyrjuðum til ómetanlegs saknaðar og tjóns fyrir kunningja hans og fjelagið yfir höfuð.

Þar jeg var nákunnugur sira Jóni sál. vil jeg leyfa mjer með þeim orðum að geta mjer til um niðurlag ritgjörðanna (ekki svo að skilja að jeg ætli mjer, að finni mig mann til að ljúka þeim, heldur til að láta í ljósi mína hugmynd um, á hvern hátt sira Jón mundi hafa lokið þeim hefði hann lifað lengur) og set jeg þá fyrst ritgjörðina:

## „Lýsing á ónefndu hjeraði" etc.

Þar hefir höfundurinn ímyndað sjer settan takmarka. dálítið lýst hjeraðinu fyr og nú, en aðalinnihald ritgjörðarinnar er eptir því sem hann hefir hugsað sjer hana þegar hann byrjaði að skrifa

hygg jeg að sje til baka, nfl. fram tíðarvon hans um þetta samhjerað, sem hann þegar var farinn að halda af og logði fram krafta sína til að sýna allan sóma. Hann mun hafa ætlað sjer að færa rök að því, að í þessu hjeraði, sem þá lifðu í ɔ: 2000 manns gætu lifað 20000 manns og að sýna fram á hvernig þetta gæti skeð með því að plægja jörðina og sjóinn: sljetta, grafa, sprengja klappir, gerða, byggja og brúa (svo álíkutu jaðrakanið þyrfti ekki að hafa fyrir að segja: „vaddúti, vittu þig, stattu við") m. m.

Sami ritgjörðina

## „Sá hefði getað lært".

hugsa jeg mjer að höfundurinn hefði endað á þá leið, að ekki stór-hagnaðarvon væri í því fyrir. fósturjörðina að láta slóða „læra", því, ef þeir annars væru slóðar, þá yrði slóðaskapur þeirra hvað tilfinnanlegastur fyrir hana, ef þeir að nafninu til gætu komist í gegnum skólana, í embætti o. s. frv. Lítið gagn væri í því þó maðurinn gæti t. d. orðið prestur að nafninu væri hann ekki maður þ. e. duganda maður, starfandi maður, til gagns; en væri nú maðurinn þetta, hvort sem hann hefði „lært" eða ekki og í hverri stöðu sem hann væri, þá sýndi hann sig fyrst sem þann, er hefði getað lært, og væri þegar búinn að læra, enda þó hann hefði ekki lært í þeirri merkingu, sem fyrir

sögnin: „Sá hefði getað lært" bendir á.

Þetta var lífsskoðun síra Jóns sál. þetta var hans lífsstefna, sem fara elskuríki guðs og velvildar til allra manna; að þetta var ekki uppgerð tildur alvara hans sýndi hann sjálfur í framkvæmdinni með starfsemi, skyldurækni, trúmennsku, umhyggju og áhuga á öllu því er til gagns mátti horfa hinn stutta starfstíma sinn.

Stokkseyri í febrúar 1892.

Ívar Sigurðsson

---

## Lýsing á ónefndu hjeraði

## Gáta fyrir landfræðingana.

---

Jeg hefi óvíða farið um landið; þó hefi jeg dvalið í tveim plássum, sem mjer þykja mjög ólík; annað þeirra er og nú dvel í, ímynda jeg mjer að sje mesta ólíkt flestum öðrum hlutum þessa lands og þó munu ókunnugir ímynda sjer það enn ólíkara öðrum hjeruðum heldur en það er og allt öðruvísi en það er í raun og veru; mig langar til að leiðrjetta skoðun manna á því og gefa um leið lýsing á því hjeraði sem frábrugðið er, þótt jeg sje enginn náttúrufræðingur. Samt hefi jeg heyrt að hjer væri fugl, sem hvergi væri annarstaðar í landinu; fugl þessi kvað heita rjettu nafni jaðrakan, en hjer er hann nefndur

# Kveldúlfur.

jaðrakan; það er mjög fallegur fugl á stærð við heiðló; um hann hefi jeg ekkert merkilegt að segja annað en söguna sem móðir mín sagði mjer, þegar jeg kom fyrst í þetta hjerað; sú saga er þannig: Komir þú að á eða læk og hún sje full og þú ætlir að vaða hana, þá segir jaðrakaninn: „vaddu-úti-vaddu-úti-vaddu-úti" í mjög mjóum róm, sem því er lagið; þegar þú svo ert kominn yfir um, þá segir hann gætur: „Vittu þig - Vittu þig - Vittu þig". En sje nú áin eða lækurinn ófær, þá segir jaðrakaninn: „Stattu við - stattu við - stattu við" og er þjer best að hlýða því og fara ekki lengra.

Þetta pláss, sem jeg er í, kunna menn að hugsa sjer sem fen og forað fullt af vatni og for; segja menn, að nafnið á því gefi manni þá hugmynd - og nú geturðu getið þess; jeg ætla ekki að segja þjer það. - Ekki get jeg svarið fyrir það, að hjer sjáist ekki vatnspolli, til dæmis í rigningatíð, og rigningar eru hjer oft; en hvar er ekki vatnsfylli í rigningatíð? En hitt vil jeg segja, að nafnið eigi ekki svo mjög að minna á vatnsflóð og forað, sem á sljettlendi, og hjer er sljettlent svo mikið sljettuflæmi, að hvergi mun stærra á landinu. Er þá hólalaust og mishæðalaust? Onei, það er ekki; hjer er talað um hóla; það sem menn reyndar nefna því nafni hjer, hafði jeg áður vanist að kalla hundaþúfur; menn tala hjer líka um hamra; það mundi annarstaðar kallast hellur eða flötur eða jafnvel klettungar. Hjer eru líka svonefndar heiðar; í ungdæmi mínu vandist jeg að nefna slíkt móa og flög; en að þessu er ekki að finna; það sýnir, að menn kunna að laga sig eftir kringumstæðunum, og það er góð list. En hvað er þá í milli heiðanna (móanna)? Það eru mýrar, grasi vaxnar, en með íslenzkum þúfum reyndar, sem náttúrlegt er. Og þar eru tjarnir og pollar af vatni, segir þú hróðugur. Aldrei hefirðu farið eins villt; það er lag, ef þú getur hleypt hesti ofaní annarstaðar þá en í graflækina, sem renna eftir mýrunum fram í sjó; svo rótseigar eru þessar mýrar.

Undir mýrunum þessum er hraun, sem á stöku stað gægist upp úr grassljettunni, en sjest alstaðar fram undan söndunum niðri við sjóinn; hjer er víða nóg af hraungrjóti, mikið góðu til bygginga, en þó má ekki höggva það, þá fer það í mola; hjer eru líka móbergshjallar dálitlir; í þeim eru stórir hellar, sem hafðir eru bæði sem heyhellar og fjóshellar og eru mestu hlunnindi, þar sem þeir eru; móbergssandurinn er hafður til að bera ofaní vegina, en hann vill fljótt fjúka og fljóta burt. En nú skilurðu, hví vatnið er svo lítið hjer, þó flatlent sje og hallalaust; það hripar niður í hraun og sand og hjer hefir stundum orðið vatnslaust í hita og þurrka sumrum, svo að brynna hefir þurft fjenaði og sækja vatnið langar leiðir. Það ganga hjer sögur um það, að einhvern tíma hafi verið gerðar út lestir að sækja vatn á belgi. En fljótt kemur hjer ís og allt leggst undir klaka á vetrinum, svo að ekki má treysta útibeit, enda er jörð hjer talin ljett. Á þessu flatlendi lifa yfir 3000 manns, þar er reyndar fjölbygt kauptún og fiskiver.

# Kveldúlfur.

## „Sá hefði getað lært"

Skoplegt er stundum að heyra þessi orð hjá mönnum, þau eru venjulega höfð þá sem mjög eru gefnir fyrir bóklestur, en hafa ekki gengið í latínuskólann í Reykjavík; helzt er þessu slegið fram ef bókaeigandi getur ekki haft ofanaf fyrir sjer, er amlóði og auli við alla líkamlega áreynslu-vinnu og latur í tilbót; „Sá hefði getað lært" er þá sagt, þó í afsökunar og meðaumkunar-skyni; og hann hefði þá orðið mesti ágætismaður, þá hefði hann ekki orðið uppá aðra kominn, svo [illegible] honum sjálfum að kenna. Eg vil nú ekki segja að öll þessi hugmynd manna um lærdóm sje allsendis tilhæfulaus en hún er mjög ýkt og afvegaleidd. Fyrsta villan í henni er sú, að menn virðast mæla lærdóminn (þ.e. menntun og fróðleik) eptir einhverju stigatali af námshæfilegleikum manna, eins og sumir menn væru svo gerðir, að þeir geta alls ekkert lært eða menntast, af því að þeirra gáfur væru fyrir neðan það stig, er þarf til að geta orðið lærður; aptur væru gáfur annara á því lærdómshæfileika stigi að þeir ættu að sjálfsögðu allir að „læra" til að verða embættismenn, hvergi amlóðar og daufingjar sem þeir væru að öðru leiti; þetta er mjög röng skoðun, bæði af því, að allir menn, sem ekki eru gjörsamlega vitlausir, ótir, ruglaðir, og þeir eru sem betur fer fáir, allir jafnt komnir um kurl geta eitthvað lært, eitthvað menntast, og öðru lagi er hugmyndin röng af því, að sá sem jafnframt áhuga á bóklegu námi og fróðleik, hefir ei jöð á stritvinnu annari áreynslu, er áhugalaus og daufur við allt annars, hann verður alla æfi sína ónýtur embættismaður, verður hvar sem hann er og í hvaða stöðu sem hann kemst ónýtur og öðrum til byrði. Jeg kann að fá mótmæli en meðan jeg veit ekki hver þau eru, ætla jeg aðeins að koma með eitt alkunnugt dæmi máli mínu til styrkingar, til skýringar, þó að menn hafi þá skaðlegu skoðun á ummönnum sje áskapað að geta ekkert lært eða menntast, þótt þeir hafi fullt vit, ef gáfurnar eru ekki því fjörlegri og liprari eða hneigjast [illegible] fræðigrein, og þetta dæmi er hjer almenn skoðun manna að kvenfólk hvorki þurfi að læra nje geti lært reikning, þann, sem öllum ungum mönnum er ætlað að nema.

Þessi ranga skoðun er hinni náskyld og þessari skoðun er opt haldið fram berlega. Önnur villa í skoðun manna er kemur fram, þegar sagt er: „Sá hefði getað lært," er sú, hvernig embætti er skoðað, hingað til hafa menn menntast til að verða embættismenn; til þess hafa opt örgustu menn, slóðar og aular verið settir í skóla og hafa komist í embætti og hangið þar og hefir og hefir verið sem þeir með öðru móti hefðu ómögulega getað lifað eða komist af, það hafi verið embættið, sem hjelt þeim frá sveit........

---

Ritstjóri: Jón Pálsson.